

# MINJARÁÐ REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

## FUNDARGERÐ

Fundarstaður: Suðurgata 39

Fundartími: 9. júní 2016, kl. 15.30

Fundarritari: Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Fundarmenn: Anna Lía Guðmundsdóttir, Arinbjörn Vilhjálmsson, Margrét Pálsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. Sólveig Jóhannsdóttir og Björn Pétursson boðuðu forföll.

### Dagskrá

Minjavörður setti annan fund minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis og tekin fyrir mál á dagskrá:

1. Starfsreglur minjaráða.

Lögð fram drög að starfsreglum fyrir minjaráð, frá 8. júní 2016. Farið var yfir skjalið og rædd einstök atriði sem þar koma fram. Fundarmenn eru sammála um að gott er að settur verði rammi um starfsemi minjaráða sem skýri hlutverk þeirra og verkefni. Rætt um á hvaða hátt minjaráð geti veitt áhugamannahópum hvatningu og stuðning, t.d. við styrkumsóknir. Bent var á að gæta verði að því að hægt verði að haga starfi og verkefnum að aðstæðum innan hvers minjasvæðis.

Guðný mun senda drögin til ráðsmanna til nánari skoðunar, sem sendi henni athugasemdir og tilögur að breytingum sem þeir kunna að hafa (sjá fylgiskjal).

2. Evrópsku menningarminjadagarnir 16. – 18. september.

Evrópsku menningarminjadagarnir eru haldnir árlega og í ár verður yfirskrif þeirra „Cultural Heritage and Communities“ eða menningararfur og samfélag. Minjastofnun tekur þátt í þeim með því að vekja athygli á menningarminjum. Óskað er eftir því að minjaráðin komi með hugmyndir að viðburðum og fræðslu og þá er sérstaklega hafti í huga að efna til samvinnu við félög eða hópa áhugamanna í héraði sem vinna að verndun einstakra mannvirkja eða minjastaða.

Rætt um hvað geti komið til greina á höfuðborgarsvæðinu og nokkrir staðir nefndir.

Seltjarnarnes: Urtagarður við Nesstofu sem er samstarfsverkefni nokkura stofanana og félaga m.a. Garðyrkjufélagsins. Ljósastarahús á Suðurnesi og fleiri herminjar á Seltjarnarnesi.

Garðabær: Garðahverfi á Álftanesi og Garðafélagið og einnig Hraunavinir sem vinna að verndun Gálgahrauns.

Reykjavík: Elliðaárdalur. Hollvinasamtök Elliðaárdalsins eru samtök áhugafólks um dalinn.

Öskjuhlíð þar sem eru herminjar sem hafa verið skráðar en ekki tekin afstaða til verndunar þeirra.

Ráðsmenn munu huga að fleiri stöðum og verkefnum og senda tillögur til Guðnýjar.

3. Verndarsvæði í byggð. Guðný kynnti helstu atriði nýrra laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, sem tóku gildi á síðasta ári. Enn er beðið eftir því að gefin verði út reglugerð við lögina. Á fjárlögum 2016 eru kr. 150.000.000 til þessa verkefnis, sem fyrirhugað er að renni til húsafriðunarsjóðs sem veiti styrki til undirbúnings að gerð tillögu um verndarsvæði. Minjastofnun hefur ítrekað spurst fyrir um hvenær megi auglýsa eftir styrkumsóknum en ekki fengið svör. Þegar hafa nokkur sveitarfélög lýst áhuga á að láta vinna tillögu að verndarsvæði. Rætt um ýmis atriði sem snerta skyldur og hlutverk sveitarfélaga og hlutverk ráðherra og Minjastofnunar samkvæmt lögum. Fram kom það álit að markmið laga um verndarsvæði í byggð og skipulagslaga um hverfisvernd séu þau sömu og hægt væri að ná þeim markmiðum sem sett eru í lögum um verndarsvæði innan þess ramma sem lög um menningarminjar og skipulagslög heimila. Ennfremur var rætt hvaða hlutverki minjaráð geta gegnt við að hvetja sveitarfélög til að sækja um styrki til verndarsvæða (sjá fylgiskjal).
4. Önnur mál.  
Guðný skýrði frá því að fyrirhugað væri að halda sameiginlegan fund allra minjaráð í haust. Dagseting hefur ekki verið ákveðin en stefnt er að það verði í október. Hópur áhugamanna um eyðibýli hefur óskað eftir samstarfi við Minjastofnun um að halda málþing um eyðibýli og er stefnt að því að það verði haldið í tengslum við fundinn.

Stefnt er því að halda næsta fund minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis í byrjun september.

Fleira ekki rætt, fundi slitið 17.15

GGG